

176

5. nóv.

Aldrei má með kaupbréfi né byggingarbréfi, né á annan hátt gera ráðstafanir, sem koma í bága við þessa skipulagsskrá.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Fellur þá úr gildi skipulagsskrá sjóðsins frá 17. okt. 1907, þinglesin 13. janúar 1908.

177

5. nóv.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Borgarneskaupúni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Borgarneskaupúni.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Borgarness er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Leiksyningar og myndir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu áður sýndar barnaverndarnefndinni, eða þeim, sem hún felur að dæma um þær. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildir hið sama, að barnaverndarnefnd skal tilkynnt, hvað þar á að fara fram, og ræður hún þá, hvort börnum innan 14 ára aldurs skuli leyfður aðgangur eða ekki.

3. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega aldrei dvelja lengur en til miðnættis á dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum, nema með sérstöku leyfi barnaverndarnefndar.

4. gr.

Börn innan 12 ára aldurs mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 7 á kvöldin á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þeim fullorðnum, sem þeir hafa falið gæzlu barnanna.

Börn 12 til 14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 10 á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þeim fullorðnum, sem þeir hafa falið gæzlu barnanna.

Börn 14 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þeim fullorðnum, sem þeir hafa falið gæzlu barnanna.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, **177**
að ákvæðum þessum sé framfylgt. 5. nóv.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skál farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

178

6. nóv.

um forkaupsrétt og forleigurétt Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirtöldum fasteignum í Ólafsfjarðarkauptúni:

1. Lóðarspildu Kaupfélags Eyfirðinga sunnan bátabryggjunnar í Ólafsfirði ásamt mannvirkjum.
2. Svokallaðri Höepfnerslóð norðan bryggjunnar ásamt mannvirkjum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.